



PATRICK HUSE

ÞRÍLEIKUR

*RIFA*

1 NORRÆNT LANDSLAG

3 GEGNUMFLÆÐI

HENIE ONSTAD LISTAMÍÐSTÖÐIN, NOREGI  
LISTASAFN REYKJAVÍKUR – KJARVALSSTÖÐUM,  
REYKJAVÍK  
FRYE ART MUSEUM, SEATTLE, BANDARÍKJUNUM



# LANDSLAG SEM MYNDLÍKING

Í allri greiningu landslagsmálverka í listsögulegu samhengi kemur fljótt í ljóst að lýsing landsins sem slík þjónar oftast en ekki óeiginlegu hlutverki, þar sem landfræðilegt heimildagildi verkanna er aukaatriði, ef eitthvað slíkt er til staðar yfirleitt. Sem dæmi má nefna að í landslagsmálverkum Nicolas Poussin, á sér stað ákveðin hagræðing til að skapa skipulagða og sígilda heimsmynd, þó verkin séu unnin út frá upphöfnum hugmyndum þeirra tíma um Ítalíu. Hið gagnstæða gerist hins vegar í landslagsmyndum listamannsins Thomas Cole frá níttjándu öld, sem sýna sama sælureit sveitalífsins og Poussin gerði að yrkisefni sínu, en hjá Cole er lögð megináhersla á óreglu og dramatískt sjónarspil í rómantísku viðhorfi til náttúrunnar.

Hvað á okkur þá að finnast um landslagsmálverk Patrick Huse? Hann hefur svo sannarlega valið sér viðfangsefni sem er algjör andstæða hins rómaða sælureits náttúrunnar; sundurtætt, undið og ýft yfirborð Íslands. Þetta eyðilega land hefur fengið á sig mynd sem minnir á yfirborð mánans, og er í senn heillandi og fráhrindandi í þeim þjáðu formum sem birtast gestinum, rífið og tætt af eldgosum og ótrúlegum mulningi meginlandsflekanna. Í þessum ósamstæðu og ótrúlegu aðstæðum hefur Huse fundið myndlíkingu sem á jafn mikið erindi við okkar tíma og líkingar Poussin og Cole áttu við þeirra eigin samtíð.

Mér virðist sem Patrick Huse formgeri bæði hefðbundinn og rómantískan næmleika í sýn sinni á Ísland, tilfinningu sem mótar og endurnærir þá myndsýn sem umbreytir ápreifanlegu landinu í landslag hugans. Í þessum landslagsathugunum sínum gerir Huse ekki nokkra tilraun til að fegra landið eða sveipa það töfraljóma sem ekki er til staðar. Verkin endurspeglar fremur þakklæti hans fyrir hið villta og óviðráðanlega eðli landsins. Engu að síður má skynja hér óhjákvæmilega fegurð, fegurð sem smeygir sér smám saman inn í undirmeðvitundina á meðan við horfum á verkin. Myndlíkingar Huse tengjast þeim krafti náttúrunnar sem hefur skapað þau náttúrulegu form sem hann sýnir. Hann málar ekki lífvana og hrjóstruga staði, heldur dularfulla leikvanga þar sem óþekkt öfl takast á við alheimslögmálin í viðureign sem nær langt út yfir mannlegan skilning.

Richard V. West, forstöðumaður  
Frye Art Museum, Seattle, Bandaríkjunum



Íslenskt landslag

## RIFA

Í þessu samhengi vísar heitið RIFA til jarðfræðilega hugtaksins „sprungukerfi“, en á því fyrirbæri og upplýsingum um það byggjast málverkin. Það er hægt að finna slík svæði á Íslandi, en einnig á öðrum stöðum þar sem jarðfræðilegar aðstæður eru svipaðar. Sprungusvæði vísar í þessu tilviki einnig til þess lands sem ekki hefur verið lagt undir ræktun, og myndar þannig sjónræna andstæðu við ræktað land. Sprungusvæði er hrjóstrugt land, en virðist engu að síður búa yfir eigin innra lífi.

Í dag gegnir landslagið mikilvægu hlutverki í að móta skilning manna á staðbundnum, svæðisbundnum sem og þjóðlegum einkennum. Landslagið endurspeglar í listsögulegu samhengi sögu mannsins og sýn hans á náttúruna. Íslenskt landslag býður upp á sjaldgæft tækifæri til að sjá ósnerta náttúru, þar sem maðurinn hefur varla stigið niður fæti. Náttúru sem er heimur út af fyrir sig.

„Fyrir mér getur íhugun náttúrunnar veitt undirmeðvitundinni frelsi.“

Patrick Huse

## Patrick Huse

fæddur í Osló 1948

### Valdar samsýningar:

1970,1971,1976 og1977

- Hautsýningar, Kunstnerens Hus, Osló, Noregi
- 1977 Vorsýning, Tegnerforbundet, Osló, Noregi
- 1980 Norske Grafikere, Osló, Noregi
- 1987 Norske Grafikere, Moskvu, Sovétríkjunum
- 1991 Gallerí F15, Osló, Noregi
- 1993 „Contemporary Figurativ Art“, Forum Gallery, New York,Bandaríkjunum
- 1996 „In The Forbidden Landscape“, Heine Onstad Kunstsentrum, Hövikodden, Noregi
- 1996 Norsk Romantisk Tradisjon“, Oslo Kunstforening, Osló
- 1999 Lillehammer Kunstmuseum, Lillehammer, Noregi

### Valdar einkasýningar:

- 1977 Kunstnerforbundet, Osló, Noregi
- 1978 Drammen Kunstforening, Drammen, Noregi
- 1979 Galleri Horneman, Prándheimi, Noregi
- 1980 Galleri Origo, Stokkhólmi, Svíþjóð
- 1982 Norske Grafikere, Osló, Noregi
- 1986 Norsk Skogbruks Museum, Noregi
- 1986 Sandvig safnið, Lillehammer, Noregi
- 1991 Moss Kunstforening, Moss, Noregi
- 1991 Trondheim Kunstforening, Prándheimi, Noregi
- 1992 Oppland Kunstsentrum, Lillehammer, Noregi
- 1993 Stavanger Kunstforening, Stavanger, Noregi
- 1994 Blomqvist, Osló, Noregi
- 1995 Menningarmiðstöðin Hafnarborg, Hafnarfirði, Íslandi
- 1995 Bergen Kunstforening, Bergen, Noregi
- 1996 Millesgarden, Stokkhólmi, Svíþjóð
- 1996 Nordic Heritage Museum, Seattle, Bandaríkjunum
- 1998 Bergen Kunstmuseum, Bergen, Noregi
- 1998 Haugar Vestfold Kunstmuseum, Tönsberg, Noregi
- 1998 Drammen Kunstforening, Drammen, Noregi
- 1998 Galleri Christian Dam, Kaupmannahöfn, Danmörku
- 1998 Henie Onstad Kunst Center, Hövikodden, Noregi

### Verk í opinberri eigu:

- Þjóðlistasafnið í Osló
- Menningarmálaráð Noregs
- Riksgalleriet, Noregi
- Borgarlistasafnið í Osló
- Háskólabókasafnið í Osló
- Listasafn háskólans í Prándheimi
- Borgarlistsafnið í Prándheimi
- Menningarmiðstöðin Hafnarborg, Hafnarfirði
- Listaverkasöfn Drammen, Prándheimi, Haugesund og Moss
- Kunstforeninger, Noregi
- Apotekene, Noregi
- Statoil, Noregi
- Norsk Hydro, Noregi
- Telenor Media, Noregi
- Uni Storebrand, Noregi
- Kreditkassen, Noregi



Nattúru unaður, 1997 – 190 x 153 cm

LISTASAFN REYKJAVÍKUR – KJARVALSSTÖÐUM  
SEPTEMBER – OKTÓBER 1999